

Vatnsstefna Regins hf.

Reginn hf. („Reginn“ eða „félagið“) hefur sett sér eftirfarandi vatnsstefnu í því skyni að lágmarka notkun á heitu og köldu vatni, í samræmi við sjálfbærnistefnu félagsins.

Umfang stefnunnar

Vatnsstefnu skal fylgt þar sem Reginn er með rekstur í viðkomandi fasteign og þeim eignum sem eru vottaðar með BREEAM In-Use vottun eða eru í umsóknarferli um vottunina.

Notkun gagna um vatnsnotkun

Félagið aflar árlega gagna um vatnsnotkun frá leigutökum, vatnsveitum og sértækum hugbúnaðarlausnum. Gögnin verða borin saman við markmið Regins sem tilgreind eru í fylgiskjali 1 og skýrsla með samanburði gagna verður send árlega til stjórnar og leigutaka félagsins.

Kröfur vegna kerfa, búnaðar og tækja sem nota vatn í fasteignum félagsins

Eftirfarandi eru dæmi um kerfi, búnað og tæki sem nota vatn: hitakerfi, snjóbræðslukerfi, ofnar, gólfhiti, loftræsikerfi, kælikerfi, kæliraftar, salerni, þvagskálar, handlaugartæki, sturtur, heimilisuppvottavélar, uppvottavélar í stóreldhús, þvottavélar, og vatnsvélar.

Þegar kaupa eða endurnýja á tæki, kerfi eða búnað sem notar vatn skal hafa að leiðarljósi að lágmarka vatnsnotkun. Beita skal fullkomnustu tækni sem völ er á við að stýra kerfum, tækjum og búnaði svo ná megi hámarksárangri í orkunýtingu. Stýra skal notkun á hita-, kæli- og loftræsikerfum í viðeigandi hússtjórnarkerfum. Hitakerfi skulu. Mælt er með því að regnvatn, grávatn og svartvatn sé unnið og endurnýtt. Dæmi um kröfur til vatnsnotkunar tækja:

Tæki	Vatnsnotkun
Salerni	Tvöföld skolun með mest 6 og 3 lítrum eða ein skolun með mest 4,5 lítrum í hverri skolun
Þvagskál	Engar þvagskálar eða vatnslausar
Handlaugartæki	≤4 lítrar/mín. með sjálfvirkri stýringu
Sturtur	Rennsli ≤10 l/mínútu
Uppvottavél í stóreldhús	5 lítrar á hverja grind
Uppvottavél í heimilisstærð	12 lítrar í hverjum þvotti ¹
Þvottavél í iðnaðarstærð	7,5 lítrar á kg
Þvottavél í heimilisstærð	40 lítrar í hverjum þvotti ²

Tafla 1. Nánari skilgreining á tækjum sem nota vatn

¹ Eco 50 ° C þvottakerfi

² Eco 50 ° C þvottakerfi

Ábyrgð

Forstjóri, eða eftir atvikum framkvæmdastjóri, bera ábyrgð á því að vatnsstefnu þessari sé framfylgt í daglegum rekstri félagsins. Stefnuna og markmið hennar, sem tilgreind eru í fylgiskjali 1, skal endurskoða árlega. Framkvæmdastjórar eru ábyrgir fyrir innleiðingu stefnunnar í daglegan rekstur og skulu setja markmið fyrir hverja einingu sem stuðla að því að ná settum markmiðum félagsins. Allt starfsfólk Regins skal fá kynningu á stefnunni sem gerir þeim kleift að skilja áhrif starfa þeirra á markmið félagsins um minni vatnsnotkun.

Samþykkt af stjórn Regins hf. þann 17. desember 2021

Tómas Kristjánsson

Albert Þór Jónsson

Bryndís Hrafnkelsdóttir

Guðrún Tinna Ólafsdóttir

Heiðrún Emilía Jónsdóttir

Fylgiskjal 1 – Markmið um minni vatnsnotkun

Markmið um minni vatnsnotkun eru eftirfarandi:

- Notkun á heitu vatni minnki um 5% á fermeter árið 2025 miðað við árið 2019.
- Notkun á köldu vatni minnki um 2% á fermeter árið 2025 miðað við árið 2019.

Markmiðum um minni vatnsnotkun verður komið áleiðis til leigutaka félagsins með reglulegum tölvupóstum. Verði uppvíst um óhóflega notkun á heitu eða köldu vatni verða markmið aðlöguð að þeirri eign eða þeim leigutaka sem um ræðir.